

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Jódísarstaðir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, frá 26. mars 1997.

Breytingin felst í því að 10 ha opið svæði neðan Eyjafjarðarbrautar eystri sem skilgreint er sem svæði til sérstakra nota breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi orlofshúsa við Búðargil, Akureyri og íbúðarbyggðar á Búðartanga, Hrísey.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 6. september 2005 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að eftirtöldum breytingum á deiliskipulagi orlofshúsabyggðar við Búðargil: Byggingarreitir breikka úr 8 m í 8,6 m, hámarksstærð húsa verður 78 m² í stað 70 m², lágmarkspakhalli minnkar úr 25° í 20° og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,12 í 0,2.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 6. september 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar við Austurveg og Búðartanga, Hrísey. Breytingar á deiliskipulaginu skv. tillögunni fólust í því að húsagata og 5 lóðir við hana færðust fjær ströndinni, en við lokaafgreiðslu var samþykkt að fella einnig niður eina af lóðunum. Bæjarstjórn hefur lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna þessara breytinga.

Ofangreindar skipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 27. september 2005,

Pétur Bolli Jóhannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi.